

## 80. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd mánudaginn 10. apríl kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Dagný Þórisdóttir, Emil Guðbjörnsson, Þorgrímur Kristinsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá og bókun nefndar.

1. Fyrirspurn frá Símoni Sturlusyni og Stefáni Björgvinssyni um að byggja tvær skemmur að Hamraendum nr. 3, samkvæmt tillöguteikningum frá Verkfræðistofu EK, dags. mars 2006. Erindið var í kynningu til 31. mars fyrir hagsmunaaðilum að Hamraendum nr. 1, 2 og 5. Engar athugasemdir bárust.  
*Erindi samþykkt.*
2. Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee sækja um að byggja viðbyggingu og bílskúr við Víkurflöt nr. 8 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK, dags. jan. 2006. Samtals 70 m<sup>2</sup>, 245,6 m<sup>3</sup>. Erindið var í grenndarkynningu. Skriflegt samþykki hagsmunaaðila liggur fyrir.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
3. Lögð fram deiliskipulagstillaga af sjálfsafgreiðslu eldneysisstöð við Aðalgötu. Tillagan var í auglýsingu til 6. apríl 2006. Athugasemd hefur borist frá Birnu Pétursdóttur Silfurgötu 47.  
*Deiliskipulagstillaga samþykkt ásamt umsögn við athugasemd dags. 10. apríl 2006.*
4. Sigurður Ág. Kristjánsson sækir um endurnýjun á leyfi til að byggja við húsið að Reitavegi nr. 5 samkvæmt erindi dags. 6. nóvember 2003. Samtals 117.9 m<sup>2</sup>, 548.2 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.  
Þorgrímur sat hjá undir lið nr. 4.*
5. Lárus Pétursson sækir um fyrir hönd eigenda endurbætur á útveggjum og gluggum Höfðagötu nr. 3 (Höfðabær), samkvæmt bréfi dags. 25.03.06. Lagt fram bréf frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins sem gerir ekki athugasemdir.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-*
6. F.h. Hótel Stykkishólms Páll Björgvinsson sækir um að byggja tvær hæðir ofan á viðbyggingu við Hótel Stykkishólm að Borgarbraut 8, samkvæmt

teikningum frá Teiknistofu Vesturlands dags. 30.mars 2006. Samtals 873,4 m<sup>2</sup>, 2987,4 m<sup>3</sup>.

*Erindi samþykkt með þremur atkvæðum gegn einu, með fyrirvara á samþykki Brunamálastofnunar. Bent er á að gera þarf ráð fyrir bílastæðum fyrir fatlaða. Gjöld samtals kr.*

7. Pétur Geirsson óskar eftir stöðuleyfi til að reisa tvo sumarbústaði á lóð útgerðarfélagssins Arnars við Hamraenda nr. 5 samkvæmt bréfi dags. 5. apríl 2006.

*Erindi samþykkt. Tekið skal tillit til eldvarna við staðsetningu húsa. Gjöld samtals kr. 6000.-*

8. Þór Gunnarson sækir um að staðsetja geymsluhús frá Húsasmiðjunni á lóð Borgarbrautar nr. 40 samkvæmt afstöðumynd .

*Staðsetja skal geymsluskúr í samráði við byggingarfulltrúa. Gjöld samtals kr. 3000.-*

9. Berglín ehf /Baldur Bergmann og Elín Kristinsdóttir sækja um a) land undir sumarhús og b) svæði til efnisvinnslu samkvæmt bréfi dags. 30.03.06. Erindi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.

*Liðum a og b er vísað í endurskoðun á Aðalskipulagi.*

10. Guðjón P. Hjaltalín og Heiðrún Höskuldsdóttir Ásklifi 8 sækja um að setja glugga á vesturhlið 1. hæð samkv. bréfi dags. 20.03.2006.

*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-*

11. Önnur mál.

11. a. Fyrirspurn frá Þórarni Sighvatssyni um breytingu á mænisstefnu húsa Hjallatanga en það sem er lagt til í skipulagi.

*Breytingu á mænisstefnu er hafnað.*

11 b. Lagðar fram tillögur að skipulagi við Borg eftir teiknistofuna Glámu Kím dags. 31.01.2006.

*Lagt er til að unnið verði áfram með tillögu T5, með aðkomu frá Skúlagötu.*

F.h. Gretars D. Pálssonar

formanns skipulags- og byggingarnefndar Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir

Fundarboð send til: Erlu Friðriksdóttur, Gretars D. Pálssonar, Dagnýjar Þórisdóttur, Helga Haraldssonar, Guðmundar Kristinssonar, Þógríms Kristinssonar, Þorbergs Bæringssonar.